



Skóla- og frístundaráð

***Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um bréf til forráðamanna um hnífaburð ungmenna***

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 12. október s.l., var lögð fram að nýju meðfylgjandi tillaga fulltrúa Flokks fólksins um bréf til forráðamanna um hnífaburð ungmenna.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins lagði til að Reykjavíkurborg sendi foreldrum grunnskólabarna bréf þar sem reglur um bann við vopnaburði væru kynntar og foreldrar hvattir til að ræða þessar reglur við börn sín. Fordæmi eru fyrir slíku bréfi í Kópavogi. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða og er nauðsynlegt að grípa til ólíkra aðgerða til að ná til foreldra og barna. Sú tillaga sem hér er lögð fram er einföld kostnaðarlítill aðgerð en gæti skilað góðum árangri. Það eru mörg tilfelli um að unglingar séu með hnífa á sér í skóla- og félagsmiðstöðvastarfi. Við sem erum í stjórnámálum og þeir sem sitja við stjórnvölinn geta ekki aðeins setið hjá með hendur í skauti. Það þarf bara eitt stungusár til að drepa. Þess vegna þurfa reglur að vera skýrar og foreldrar eru lykilaðilar þegar kemur að því að uppfæða börnin og setja þeim mörk og reglur. Tillögunni er vísað til skóla- og frístundaráðs og vonar fulltrúi Flokks fólksins að tillagan fái góðar viðtökur þar.

Virðingarfyllst,  
Elísabet Pétursdóttir  
*Miðlæg stjórnarsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

**Sendandi:** Fulltrúi Flokks fólksins

---

***Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 14. september 2023: Tillaga um bréf til forráðamanna um aukin hnífaburð barna og ungmenna***

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavíkurborg sendi bréf til foreldra og forráðamanna vegna aukins hnífaburðar barna og ungmenna líkt og það sem Menntasvið Kópavogsbæjar sendi foreldrum grunnskólabarna í upphafi skólaárs. Dæmi um hnífaburð barna í skólum eru til í Reykjavík og því full ástæða til að upplýsa foreldra og forráðamenn um þær reglur sem eru í gildi um að bera hníf á sér í skóla- og félagsmiðstöðvastarfi borgarinnar. Í bréfinu myndu foreldrar vera hvattir til að eiga samtál við börnin um að það sé stranglega bannað að bera hníf á sér í skóla- og félagsmiðstöðvastarfi og öðrum stofnunum. MSS23090085